



1494. stjórnarfundur

1.9.2010 kl. 12:00

Örn Andrésson
Lilja Sigurðardóttir
Gígja Gunnarsdóttir
Guðrún Ósk Jakobsdóttir
Haraldur Baldursson
Viggó Viggósson
Þórdís Gísladóttir
Frímann Ari Ferdinandsson
Jónas Sigðursson

- 1. Fundargerð 1493. fundar.**
Samþykkt.
- 2. Skipan í stjórn Íslenskra getrauna.**
Skipan breytt samkv. beiðni ráðuneytis. Lilja Sigurðardóttir er aðalmaður og Örn Andrésson til vara.
- 3. Auglýsingar getraunafyrirtækja hjá íþróttafélögum.**
ÍBR hefur sent út bréf til aðildarfélaganna þar sem þeim er bent á mikilvægi þess að standa vörð um Íslenskar getraunir.
- 4. Erindi Knattspyrnufélagsins Vals vegna 100 ára afmælis.**
Samþykkt að Valur fengi hefðbundna gjöf til 100 ára féлага vegna ritunar sögu félagsins.
- 5. Efling almenningsíþróttadeilda.**
Samþykkt að vísa erindi Víkings til Verkefnasjóðs ÍBR.
- 6. Staða mála varðandi framkvæmdir við Íþróttamiðstöðina.**
Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu mála varðandi framkvæmdir við lyftu- og stíghús.
- 7. Reykjavíkumaraþon.**
Frestað.
- 8. Laugavegshlaup.**
Frestað.
- 9. Alþjóðaleikar ungmenna Bahrain.**
Frestað.
- 10. Alþjóðaleikar ungmenna 2011.**
Frestað.
- 11. Íþróttaslysasjóður ÍSÍ.**
Borist hefur erindi frá ÍSÍ vegna slæmrar stöðu sjóðsins. Einhver félög hafa kvartað til ÍBR vegna mikils sjúkraþjálfunarkostnaðar. Ákveðið að bíða frekari ákvörðunar þar til niðurstaða kemur úr viðræðum ÍSÍ og ríkisins um málið.
- 12. Skipan vinnuhóps um sjóði ÍBR.**
Ákveðið var að skipa vinnuhóp til að fara yfir reglugerðir sjóða ÍBR og skoða með hvaða hætti þeir geta nýst íþróttahreyfingunni í Reykjavík til framtíðar. Lagt er til að ÖA, LS, VV, Gústaf Adolf Hjaltason og Jónas Kristinsson skipi hópinn.

13. Staða mála varðandi rannsóknarmiðstöð.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi fyrirhugaða rannsóknarmiðstöð. Unnið er að því að útbúa upplýsingagögn til að fara með á fundi með hugsanlegum samstarfsaðilum.

14. Landsleikir í Laugardalshöll.

Lagt var fram erindi HSÍ, beiðni um landsleiki í Höllinni í vetur. Fallist var á beiðni HSÍ, nema hvað einum leik var hafnað vegna þess hve mikið fellur niður af æfingattímum Þróttar og Ármanns í Laugardalshöll vegna ýmissa viðburða.

15. Fundaplan.

Miðvikudaga kl. 12.00

1. sept., 22. sept., 6. okt., 20. okt., 3. nóv., 17. nóv., 1. des, 15. des.,

16. Önnur mál.

GG lagði til að farið yrði yfir lög ÍBR í tíma fyrir næsta þing enda væru þar atriði sem hugsanlega þyrfti að breyta, m.a. í ljósi umræðna á stefnumótunarfundi. Samþykkt að GG, ÖA og FAF myndu skoða lögina og koma með tillögur að breytingum.